



## Fundarboð

Fundur í skólaráði 21. maí klukkan 16:30

Mættir: Berglind, Lilja Írena, Edda, Magnús Ingi, Arnór, Mæja og Ragnar Ingi (fór snemma)

### Skóladagatal

Skóladag samþykkt eftir að dagar í mánuðunum voru taldir og eftir umræðu um tímasetningu á skólasetningu og skólaslitum.

### Skólalóðin

Yfirlitsmynd af skólalóð kynnt. Samþykkt hefur verið að taka hluta af 1. áfanga í sumar. Inni í honum eru bílastæði og svæði fyrir framan inngang, þ.m.t. upphituð gangstétt. Beðið verður með rólusvæði, körfuboltavöll fyrir framan bókasafn og hreystisvöll. Teikning liggur hjá skólastjóra.

### Skólapúlsinn

Farið var yfir helstu niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins. Áætlun skólans um að bæta sjálfsmynd nemenda gengur hægar en vonir stóðu til. Aukning á lífsleikni með velferðarkennara næsta vetrar mun vonandi bæta þar úr. Einneltistölur skólans hafa ekki breyst marktækt milli ára og eru svipaðar og landsmeðaltal. Átak hefur verið í meðferð samskiptavandamála og eineltismála. Marktæk hækkun og marktækur munur milli GSS og landsmeðaltals hefur orðið á sambandi nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimanáms. Við fögnum því.

Fundi slitið klukkan 17:30